

Umsögn stjórnar Öldungaráðs Hafnarfjarðar um Reglur um akstursþjónustu aldraðra í Hafnarfirði

Umsækjendur

1.gr

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hafnarfirði og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Vera 67 ára eða eldri og vera ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar eða annarar skertrar færni.
- b. Hafa ekki aðgang að farartæki við hæfi.

Þjónustan

2.gr

Með akstursþjónustu aldraðra er átt við nauðsynlegar ferðir til læknis, í sjúkraþjálfun/endurhæfingu eða félagslega virkni og ferð með innlitsþjónustu til verlsunarferða, að hámarki 54 ferðir

pr mánuði.

Gjaldskrá

3.gr

Aldraðir greiði sem svarar fargjaldi aldraðra í strætisvagni fyrir hverja ferð. Þjónustuþegar með innlitsþjónustu greiði fyrir hvert skipti sem samsvarar klukkustund í heimaþjónustu. Skoða þarf að hægt sé að greiða með strætómiðum

Umsókn

4.gr

Sótt er um á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar/*Mínar síður* eða eyðublöðum sem liggja frammi hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar. Með frumumsókn fylgi vottorð frá fagaðila. Umsóknin er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika.

Þegar umsækjandi hefur fengið samþykka umsókn getur hann snúið sér beint til rekstraraðila við pöntun ferða.

Samþykkt umsögn stjórnar Öldungaráðs Hafnarfjarðar miðvikudaginn 20. maí 2015